



Fjölbrautaskóli  
Suðurlands

# HJÚK3FG05

## Fjölskylduhjúkrun/ samfélagshjúkrun

### Kennsluáætlun vorönn 202

---

**Kennari/ar:** Íris Þórðardóttir

**Skammstöfun:** ÍÞ

#### Lýsing

Í áfanganum er fjallað um hugtök og kenningar í fjölskyldu- og geðhjúkrun ásamt heimahjúkrun og heilsugæslu. Farið er í kenningar um þroskaferil fjölskyldunnar, þarfir og verkefni fjölskyldumeðlima á ýmsum þroskastigum. Farið er í hugmyndafræði heilsuefningar og hjúkrunarviðfangsefni í tengslum við fjölskyldu- og heimahjúkrun.

Fjallað er um algengar geðraskanir, hjúkrun, forvarnir og endurhæfingu geðsjúkra með áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun. Áhersla er lögð á að nemandinn kynni mikilvægi geðhjúkrunar á hinum ýmsu sviðum heilbrigðisþjónustunnar.

Í áfanganum er lögð áhersla á tengingu fræðilegrar þekkingar við skipulagningu og framkvæmd hjúkrunar.

**Forkröfur:** HJÚK3ÖH05 54

#### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtökum og kenningum í fjölskyldu- og geðhjúkrun
- hlutverki heilsugæslu og heimahjúkrunar í samfélaginu
- hugmyndafræði þroska- og fjölskyldukenninga
- heilsuefningu og forvörnum
- einkennum og hjúkrunarmeðferðum algengra geðraskanna og fíknisjúkdóma.

#### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- túlka helstu kenningar og hugtök innan fjölskyldu- og geðhjúkrunar
- útskýra hlutverk heima- og heilsugæsluhjúkrunar
- bera saman hugmyndafræði mismunandi þroska- og fjölskyldukenninga
- vera þátttakandi í heilsuefningu og forvörnum í samfélaginu
- lýsa einkennum algengra geðraskanna og fíknisjúkdóma
- nota viðurkenndar hjúkrunarmeðferðir í fjölskyldu- og geðhjúkrun

## Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nota kenningar og hugtök innan fjölskylduhjúkrunar í raunverulegum verkefnum
- geta rökstutt hjúkrunarmeðferðir í heima- og heilsugæsluhjúkrun og yfirfært hæfni úr öðrum í hjúkrunaráföngum í störfum sínum
- geta lýst áhrifum veikinda einstaklings á fjölskylduna
- geta hjúkrað einstaklingum með geðraskanir og fíknisjúkdóma
- geta beitt þekkingu sinni í samvinnu við aðrar fagstéttir
- geta leiðbeint og frætt um heilsueflingu og forvarnir.

## Námsmat:

Verkefni, ritgerðir, mæting og virkni í tíma – skil á réttum tíma 100%

Próflaus áfangi, til að ná áfanganum þarf 90% mætingu, góð og

metnaðarfull verkefni, skil á réttum tíma..

*Öll verkefni skuli vera þannig gerð og unnin að ekki sé um ritstuld að ræða, ef svo er að tilvísanir og heimildir eru of fáar til að teljast annað en endurtekning – er einkun gefin fyrir 0 – núll. Notum turnitin*

## Námsefni:

Hjúkrun 2 og efni frá kennara

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

1. Meðganga og verkefni 10%
2. Breytingar á meðgöngu og meðgöngukvillar - Verkefni 10%
3. 3.Vöxtur og þroski – verkefni 10%
4. Misþroski barna – verkefni 10%
5. Sjálfsskaði og sjálfsvíg – verkefni 10%
6. Geðsjúkdómar – verkefni 10%
7. Forvarnir og úrræði geðsjúkdóma – verkefni 10%

8. Sorg og sorgarviðbrögð – verkefni 10%
9. Virkni, mæting og góð skil verkefna 20%